

Fundargerð 56. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2020, mánudaginn 5. október kl. 10:30 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 55. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 7. september sl. lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Urðunarskattur - 2009104SA

Fjármálaráðuneytið hefur unnið að gerð frumvarps um urðunarskatt. Sviðsstjóri og verkefnisstjóri lög- og velferðarsviðs sambandsins sögðu frá framgangi málsins og að ríkið hefur fallið frá álagningu urðunarskatts í bili og eru þær hugmyndir ekki hluti af fjárlagafrumvarpi 2021. Jafnframt var sagt frá því að lagt er til í frumvarpinu að fjárheimildir umhverfismála verði aukin um 400 m.kr. í tengslum við aukna áherslu á Hringrásarhagkerfið, þ.e. verkefni sem miða að því að draga úr myndun úrgangs, draga úr urðun og auka endurvinnslu.

3. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Framkvæmdarstjóri Úrvinnslusjóðs kynnti starfsemi sjóðsins á fundi verkefnisstjórnarinnar þann 20. maí sl. og óskaði verkefnisstjórnin eftir frekara samtali við sjóðinn um ákveðin mál. Lagt var fram minnisblað lög- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 2. október sl., þar sem rakin eru helstu mál er varða hagsmuni sveitarfélaga í tengslum við núverandi kerfi framleiðendaábyrgðar.

Ólafur Kjartansson framkvæmdarstjóri Úrvinnslusjóðs kynnti starfsemi sjóðsins og tók þátt í umræðum undir þessum lið. Fram kom að innan Úrvinnslusjóðs stendur yfir vinna við endurskoðun fyrirkomulags og tíðni breytinga á verðskrá endurgjalds til þjónustuaðila. Í gildandi verðskrá er í sumum tilfellum greitt sama endurgjald óháð ráðstöfunarleiðum, þ.e. hvort sem úrgangurinn er sendur til endurvinnslu eða orkuvinnslu. Tilskipanir Evrópusambandsins um Hringrásarhagkerfið segja fyrir um lágmarkskröfur framleiðendaábyrgðar og mun innleiðing þeirra í íslenskan rétt gera það að verkum að ábyrgðin mun ná yfir

stærri hluta af kostnaði við meðhöndlun úrgangs en samkvæmt núgildandi lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, nær framleiðendaábyrgð ekki til hirðu úrgangs og móttökustöðva sveitarfélaga. Eina undantekningin á þessu er kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs aðstöðu til móttöku og geymslu á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Fram kom á fundinum að framleiðendaábyrgð á fleiri úrgangstegundir myndi þjóna hagsmunum sveitarfélaganna og í því samhengi hafa verið nefndir úrgangsflokkar á borð við glerumbúðir, málmumbúðir, veiðarfæri og textíl. Veiðarfæraúrgangur er í dag undanþeginn úrvinnslugjaldi vegna samnings Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi frá 2005 en innan Úrvinnslusjóðs er hafin vinna við að endurskoða þann samning. Til að renna stoðum undir að fjölga úrgangsflokkum sem heyra undir framleiðendaábyrgð þarf að koma til lagabreytingar. Engar upplýsingar eru til staðar í dag um hve stórs hluta kostnaðar við meðhöndlun úrgangs hérlendis framleiðendaábyrgð nær yfir og hversu mikið af endurgjaldi Úrvinnslusjóðs rennur til sveitarfélaga með beinum eða óbeinum hætti.

Verkefnisstjórnin telur brýnt að framleiðendaábyrgð nái yfir aukinn hluta þess kostnaðar sem verður til vegna meðhöndlunar úrgangs og mun taka málið fyrir aftur á næsta fundi.

4. Innheimta eftirlitskostnaðar Umhverfisstofnunar - 2009253SA

Sambandinu hafa borist nokkrar ábendingar um að kostnaður eftirlits Umhverfisstofnunar með bæði starfandi og aflögðum urðunarstöðum hafi aukist. Málið var síðast á dagskrá Verkefnisstjórnarinnar þann 20. maí sl. þar sem m.a. var kynnt minnisblað, dags. 11. mars, varðandi eftirlit og kröfur til vöktunar starfræktra og aflagðra urðunarstaða.

Á fundinum var undirbúið samtal við stofnunina um framkvæmd eftirlits og kostnað við það. Sviðsstjóri lög- og velferðarsviðs sagði frá því að í niðurstöðu frumkvæðisathugunar umboðsmanns Alþingis frá 2019 er varðar opinbert eftirlit hafi komið fram að ríkisstofnanir séu í meira mæli að innheimta gjöld vegna starfa sem fela í sér rækslu lögbundinna verkefna og því velt upp hvort að þurfi í einhverjum tilfellum að koma til frekari lagaheimilda sem uppfylla kröfur stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimild. Í umsögn sambandsins við áform um breytingu á hollustuháttamálum, dags. 9. september, er imprað á þessu og að sambandið telji mikilvægt að opnað verði á umræðu um þessi álitaefni.

Sambandið mun leita eftir fundi með Umhverfisstofnun um málið. Verkefnisstjórn verður upplýst um þróun málsins á næsta fundi.

5. Umsögn sambandsins um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur - 2009707SA

Verkefnisstjóri og lögfræðingur lögfræði- og velferðarsviðs hjá sambandinu kynntu umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Frumvarpinu er ætlað að fylgja eftir hluta þeirra tillagna sem koma fram í skýrslu starfshóps um drykkjarvöruumbúðir frá júlí 2018 auk þess sem lagðar eru til nauðsynlegrar

breytingar á skilagjaldi og umsýslubóknun fyrir hverja umbúðaeiningu. Meðal tillagna í frumvarpinu er að markmiðsákvæði verði bætt við lögin, að skilakerfið nái til fleiri aðila en verið hefur, sett verði skýrari mörk um aðgreiðslur og tilgreind verði heimild ráðherra til að setja ákvæði um söfnunarmarkmið og stærð umbúða í reglugerð.

Í umsögn sambandsins er lögð áhersla á að hlutverk skilakerfa sé að tryggja framfylgd framleiðendaábyrgðar og því ætti eingöngu að vera heimilt að úthluta hóflegum arði til hluthafa. Einnig kemur fram að sambandið hvetji til að skoðað verði hvort hækka þurfi skilagjaldið enn frekar en frumvarpið felur í sér til að standa undir þeim breytingum sem Endurvinnslan hf. mun þurfa að ráðast í á komandi árum. Sérstaklega er bent á að ólíklegt sé að einnar krónu aukning á umsýslugjaldi á glerumbúðir muni bæta forsendur fyrir bættri nýtingu á gleri. Í dag er stór hluti af söfnuðu gleri endurnýttur en ekkert endurnnið og lítið endurnotað.

Verkefnisstjórnin tekur undir umsögn sambandsins og mikilvægi þess að breytingar á skilakerfinu miði að því að ná markmiðum í úrgangsmálum.

6. Staða ýmissa úrgangsmála - 2009111SA

Stjórnarmenn sögðu frá því sem var efst á baugi hjá þeim. Ljóst er að töluverðar sviptingar eru í málaflokki úrgangsmála um þessar mundir og verkefni mörg.

7. Önnur mál - 2009111SA

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 13:00

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson